**Námsáætlun fyrir íslensku - 3. bekkur**
**skólaárið 2019 – 2020**

**Kennarar:** Anna María Sanders og Tinna Ösp Káradóttir
**Tímafjöldi:** 8 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Beita skýrum og áheyrilegum framburði<br>• Tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu<br>• Segja frá eftirminnilegum atburði og lýsa ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið<br>• Eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi<br>• Hlusta og horfa með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni | • Nemendur læra reglur sem gilda þegar margir vilja tjá sig í einu.<br>• Áhersla er lögð á að nemendur tali hátt og skýrt og beri sig vel<br>• Kennari les framhaldsögu daglega í nestitíma<br>• Nemendur lesa sögur sem þeir semja fyrir samnemendur.<br>• Umræður um málefni líðandi stundar<br>• Nemendur syngja saman valin lög<br>• Nemendur lesa upphátt fyrir hvert annað<br>• Unnið verður með Pals frá janúar fram í maí | Ekkert formlegt námsmat er í töluðu máli, hlustun og áhorfi |
| **Lestur og bókmenntir** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Nýta góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi<br>• Beita aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur | • Nemendur lesa á hverjum degi, bæði heima og í skólanum.<br>• Nemendum er skipt í leshópa eftir getu.<br>• Bergmálslestur og kórlestur<br>• Merking einstakra orða rædd og útskýrð. | • Hraðapróf í september, janúar og maí. Oftar ef þörf þykir<br>• Lesfimi kannanir og sjónrænn orðaforði<br>• Markviss skráning |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | verði lipur og skýr<br>• Tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess<br>• Velja sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesi sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings<br>• Lesa ævintýri, sögur og ljóð ætlum börnum<br>• Beita fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu<br>• Afla sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi<br>• Velja sér bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju | • Yndislestur er flesta daga.<br>• Verkefnavinna til að efla lesskilning.<br>• Nemendum býðst að taka þátt í sumarlestri á vegum bæjarbókasafnsins.<br>• Nemendur fara á bókasafn 1x í viku<br>• Lestrarátak og lestrarmót<br>• Pals frá janúar fram í maí<br><br>**Heimanám:**<br>Nemendur lesa heima á hverjum degi og vinna stundum í vinnubók. | kennara á lestrarframvindu nemenda (Mentor)<br>• Sértæk próf ef grunur er um lestrarvanda<br>• Logos í janúar<br>• Lestrarátak að hausti og vori |
| **Lesskilningur** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Hafa gagn af lestri og hlustun<br>• Lesa efni tengt getu og áhuga<br>• Lesa sér til skilnings<br>• Svara spurningum úr lesnum textum eða eftir hlustun<br>• Greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum<br>• Tengja það sem hann les við þá kunnáttu sem hann hefur | • Heimalestur með vinnubók, kennari fylgist með og skráir<br>• Daglega hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið<br>• Samlestur 2-3 sinnum í viku<br>• Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim<br>• Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim<br>• Markviss skráning á árangri nemenda<br>• Unnið með Pals (janúar - maí)<br>**Heimanám:**<br>Heimalestur daglega, vinnubækur og lesskilningsverkefni. | • Orðarún – haust (október) og vor (mars)<br>• Lesskilningspróf – haust (September, nóvember og desember)<br>• Lesskilningspróf – vor (Febrúar, apríl og maí) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ritun** | **Nemandi hefur öðlast hæfni í að:**<br>• Draga rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega<br>• Beita einföldum stafsetningarreglum svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan ng og nk, auk tvöfalds samhljóða<br>• Semja texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð<br>• Þekki grunnþætti í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag<br>• Skrifa og leyfa öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda<br>• Nýta sér fyrirmyndir í ritun<br>• Skrifa texta á tölvu og beitt einföldustu aðferðum í ritvinnslu | • Kennd er ítalíuskrift.<br>• Haldið áfram að þjálfa rétt grip og að draga rétt til stafs..<br>• Mikil áhersla á snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang.<br>• Haldið áfram með að þjálfa grunnþætti ritunar, að saga eða frásögn hefur upphaf, meginmál og endi.<br>• Málsgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti.<br>• Nemendur vinna reglulega ritunarverkefni í skólanum.<br>• Nemendur skrifa orð í orðabók heima með aðsoð foreldra.<br>• Eftir áramót byrja nemendur að læra tengda skrift.<br><br>**Í stafsetningu er lögð áhersla á:**<br>• Stóran og lítinn staf<br>• Punkt eða spurningarmerki í enda setningar<br>• Tvöfaldan samhljóða<br>• Ng/nk regluna<br>• Að skrifa eftir upplestri<br>• Að nemendur kunni y og ý í algengum orðum t.d. fyrir, yfir, mýs, synda og fl.<br><br>**Heimanám:**<br>Orðabók send heim reglulega | **Skrift:**<br>Skólaárið er ein önn, tökum skriftarstöðuna í janúar og í maí, ásamt sjálfsmati sem nemendur vinna ( sjá matslista).<br>Skriftarbækur, dagbækur og önnur ritunarverkefni eru höfð til hliðsjónar þegar skriftarstaða nemenda er metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Málfræði** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Raða í stafrófsröð og geri sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulagningu. Öðlist þekkingu og finni helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein<br>• Þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum<br>• gera sér gein fyrir mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða<br>• Þekkja mun samnafna og sérnafna<br>• Þekkja hugtökin samheiti og andheiti<br>• Þekkja einfaldan og tvöfaldan samhljóða<br>• Bæta greini við nafnorð<br>• Leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og finna kyn og tölu<br>• Leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki | • Læra stafrófið<br>• Þekkja sérhljóða og samhljóða<br>• Samheiti og andheiti<br>• Að nafnorð skiptist í sérnöfn og samnöfn<br>• Greinir nafnorða<br>• Einfaldur og tvöfaldur samhljóði.<br>• Eintala og fleirtala<br>• Samsett orð<br>• Lýsingarorð<br>• Sagnorð þ.e. nútíð og þátíð<br>• Dagar, vikur, mánuðir og ár<br><br>**Heimanám:**<br>Einstaka málfræðiverkefni send heim. | Skólaárið er ein önn, lögð er fyrir málfræðikönnun í maí.<br>Stöðukannanir eru gerðar eftir hvert hæfniviðmið s.s.<br>1. Stafrófsröð<br>2. Sérnöf og samnöfn<br>3. Stafsstetning, ng og nk reglan, stór og lítill stafur, tvöfaldur samhljóði.<br>4. Orðflokkar, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð<br>5. Greinir orða tala og kyn.<br>6. Andheiti og samheiti |

**Námsgögn:**
**Lestur og bókmenntir**: Bókasafn kennarans, hóplestrarbækur, lestrartextar við hæfi, bækur af bókasafni, tölvuforrit á nams.is
**Lesskilningur:** Efni af skólavefnum, Litla lesrún, Lesrún 1, hóplestrarbækur , aukaverkefni unnin upp úr samræmdum könnunarprófum
**Ritun:** Skrift 3, Sögubókin mín, æfingabók 1 , stílabók A4, Ritum saman – Græni blýanturin og Blái blýanturinn  Ljóðsprotar
**Málfræði:**  Ritrún 3, verkefnabókin mín (skólavefur)
Margskonar leikir af mms.is
**Ítarefni:** Sitt af hverju 1 og 2, Skinna – valin verkefni, Tvistur og Þristur,

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D